

Fundarstjóri - ráðherra - kæru gestir

Ég byrja þessa ræða með játningu - því ég ákvað fljótlega í byrjun árs 2009 að ég yrði að rífa sjálfa mig upp úr ákveðinni depurð og reiði sem hafði heltekið mig frá hruninu. Ástæðan var einföld - ég er svo hræðilega leiðinleg þegar ég er geðvond og pirruð - og í þannig ástandi verður mér líka allt of lítið úr verki. Þetta gerði ég á mjög einfaldan hátt, ákvað hreinlega að vakna með bros á vör alla morgna - og leggjast á koddann á kvöldin sæmileg sátta við Guð og menn. Því hvað sem hver segir - veljum við sjálf hvernig okkur líður - og hvernig við látum aðgerðir eða aðgerðarleysi hafa áhrif á okkur. Við getum ákveðið að takast á við flesta hluti með pirring - en við vitum, að það er hvorki æskilegt né líkleg leið til árangurs.

Og ástæða þess að ég minnst á þetta er ekki síst sú - að við atvinnurekendur berum ríka ábyrgð á því, að rífa upp íslenskt atvinnulíf - og það gerum við ekki - með ergelsi og neikvæðni að leiðarljósi. Mér er alveg sama hversu dökkt útlitið er og hefur verið - við verðum að vera þær fyrirmyndir sem horft er til - fyrirmyndir sem ná að hrífa starfsfólk okkar með í slaginn sem er framundan - því við vitum öll að neikvætt og hálfbugað starfsfólk nær aldrei árangri.

Sjálf hef ég setið tugi fundi undanfarna mánuði - og komið út af mörgum þeirra hugsandi - að akkúrat þennan fund hafi ég setið áður. Umræðuefnin oftast á sama veg; "það er ekkert að gerast - Icesave í hnút - klofin ríkisstjórn - allt of margir ráðherrar á móti atvinnulífinu - gjaldeyrishöft, háir stýrivextir, handónýtt króna o.s.frv.o.s.frv. Ég veit að þið hafið líka setið svona fundi.

Því er spurning hvernig við ætlum að nýta tíma okkar á komandi mánuðum. Ætlum við að sitja marga fundi til viðbótar sem skila of litlu - eða hafa atvinnurekendur hug á því að gera sig meira gildandi og láta meira til sín taka? Því vandamálin eru næg - og algjör einfaldni af okkur að halda - að þeir 63 einstaklingar sem sitja á Alþingi, svo til hver einasti með afar takmarkaða þekkingu og reynslu af atvinnulífinu - komi okkur upp úr núverandi kreppu. Þar munum við sjálf ásamt starfsfólki okkar spila stærsta hlutverkið. Við eigum að hugsa út fyrir boxið og vera óhrædd að gera hlutina á annan hátt en við höfum gert. Því ef þið ætlum að bíða eftir því að Alþingi leysi öll okkar vandamál - þá þurfum við að bíða lengi - og sjálf tel ég að fyrr frjósi í Hel en það gerist. Og þetta segi ég með fullri virðingu fyrir efnahags- og viðskiptaráðherra sem ég tel hafa verið mikinn happafeng fyrir Alþingi.

Og að þessu sögðu er ég ekkert síður að gagnrýna sjálfa mig en aðra - því sem formaður SVP sit ég í stjórn og framkvæmdastjórn SA. Við þurfum einfaldlega öll að spýta í lófana, berjast fyrir sannfæringu okkar og hafa meiri áhrif en við höfum í dag. Við verður að átta okkur á ábyrgð okkar - þurfum að taka okkur meira vald og hafa áhrif á þróun mála - því að sumu leyti er valdið í samfélaginu á lausu!

Ég tel miklu máli skipta að byggja brýr frá atvinnulífinu yfir í pólitíkina - inn í alla stjórn mála flokka - og frá öllum stjórn mála flokkum inn í atvinnulífið - því hagsmunasamtök eins og okkar verða að starfað með þeirri ríkisstjórn sem er við völd á hverjum tíma. Það skal hins vegar sagt ríkisstjórninni til hróss - og hrós er eitthvað sem er ekki að kæfa hana þessa dagana - að hún hefur verið mjög dugleg að hitta og hlusta á aðila vinnumarkaðarins. Hins vegar virðast sumir ráðherrar og stjórnarþingmenn Vinstri Grænna ganga lítt í takt við meirihluta stjórnarinnar og virðast æ ofan í æ geta sett samstarf sem byggir á stöðugleikasáttmálanum í uppnám. Órólega deildin í Vinstri grænum getur ekki verið í stjórn einn daginn og stjórnarandstöðu þann næsta. Flokkurinn verður að ákveða hvoru megin við borðið hann vill vera.

Stöðugleikasáttmálinn var hins vegar dæmi um velheppnaða samvinnu aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnarinnar og værum við í allt annarri stöðu i dag - ef hann hefði gengið eftir. Það er nefnilega ákaflega mikilvægt að gott samband haldist á milli aðila vinnumarkaðarins og ríkisstjórnar á hverjum tíma - því gott samstarf stytir boðleiðir - og getur komið í veg fyrir óþarfa mistök og átök, sem hefur sýnt sig að tefji málin.

Ég vil sjá okkur öll - ríkisstjórnarflokkana, stjórnarandstöðuna, aðila vinnumarkaðarins miklu lausnamiðaðri á komandi vikum og mánuðum - leggja til hliðar óþarfa karp því mikilvægast er að koma hreyfingu á hlutina. Það eitt skiptir máli enda hef ég sagt það áður að núverandi kyrrstaða og neikvæð umræða er að gera þjóðina andlega þunglynda - og á því bera íslenskir stjórn málamenn stærsta ábyrgð - hvar í flokki sem þeir standa. Stjórn málamenn ættu að eyða minni tíma í - oft innihaldsrýrt karp í ræðustól og fjölmiðlum - í þeim tilgangi að stimpla sig tímabundið inn í misskildum vinsældarkosningum. Þeir ættu margir að tala minna og gera meira og ná samstöðu um að leysa málin. Mér hefur stundum dottið í hug að eina ráðið væri að koma á sama verklagi og þegar nýr páfi er valinn - þ.e. að loka málsaðila inni og hleypa þeim ekki út fyrir en reykjamerki berst frá Alþingishúsinu - sem tákn um sameiginlega lausn. Og ef stjórn málamenn gyrða sig ekki í brók fljótlega hlýtur þjóðin að gera kröfur um að þeir endurnýji umboð sitt - og í því ferli eiga margir þingmenn að fá falleinkunn - bæði í stjórn og stjórnarandstöðu.

En það er kannski ekki að undra að íslenskir atvinnurekendur hafa haft sig lítið í frammi undanfarna mánuði - enda það viðskiptalíf sem helst var talað um hér fyrir nokkrum mánuðum að stærstum hluta hrunið. Við höfum því verið beygðir - látið lítið fyrir okkur fara á meðan að umræðan í þjóðfélaginu hefur verið á þá leið - að atvinnurekendur séu glæpamenn að stærstum hluta. Það voru jú þeir sem ásamt bankamönnunum komu okkur í þessa skelfilegu stöðu - og þetta tal höfum við látið yfir okkur ganga. Við höfum ekkert sagt þegar allir hafa heimtað "nýtt viðskiptasiðferði" á Íslandi - sjálfsagt skammast okkar eitthvað fyrir að tilheyra sömu stétt og hinir svokölluðu útrásarvíkingar og skort ákveðið sjálfstraust til að malda í móinn. En nú er mál að linni - enda þurfa langflestir sem starfa í íslensku viðskiptalífi ekki að sitja undir því - að þeir séu með lélegt siðferði. Þeirra siðferði hefur allan tímann verið í lagi og þarfnast ekki endurnýjunar við. Staðreyndin er að íslenskir atvinnurekendur eru upp til hópa heiðarlegt og harðduglegt fólk sem vakir yfir fyrirtækjum sínum frá morgni til kvöld, 365 daga á ári. Við erum hins ekki gallalaus og gerum mistök eins og aðrir, og það skal viðurkennt hér að það spretta engir englavængir út á mér þegar ég fer úr jakkanum á kvöldin - ég hef mína galla, en nýtt siðferði þarf ég ekki. Og það á sennilega við okkur flest hér inni.

Í okkar hópi hafa menn hins vegar orðið uppvísir að því, að fara út fyrir bæði skráðar og óskráðar reglur - hversu langt út fyrir er nú til rannsóknar og bíður þessara manna mikil glíma við réttarkerfið á komandi mánuðum og árum. En við búum sem betur fer í réttarríki þar sem þessi málefni munu fá faglega meðhöndlun og það er hvorki okkar né dómstóls götunnar að kveða upp dóma. Niðurstaða í þessum málum mun væntanlega ekki skýrast fyrr en að töluverðum tíma liðnum - og á meðan verðum við hin að horfa fram á við og huga að framtíðinni. Þessir aðilar eru hins vegar lítið brot af íslenskum atvinnurekendum og við eigum ekki að leyfa þeirri umræðu að blómstra - jafnvel í sölum Alþingis - að íslenskt viðskiptalíf þurfi á einhverri siðferðishreinsun að halda. Það er með þetta eins og brennivínið og alkana - sumir kunna ekki með áfengi að fara og aðrir geta ekki rekið fyrirtæki - en mikill meirihluti fólks getur gert báða þessa hluti og þarf hvorki að fara í meðferð né í gegnum sérstakan hreinsunareld. Íslenskir atvinnurekendur eiga nú sem aldrei fyrr að rétta úr bakinu og bera höfuðið hátt og vera stoltir af sínum fyrirtækjum sínum sem veita um 110.000 manns atvinnu - flestir við ytri skilyrði sem eiga fáa sína líka. Það verður hins vegar að tryggja með öllum ráðum að svipað hrun geti aldrei átt sér stað aftur - og verður atvinnulífið að styðja löggjafann með öflugum hætti í þeirri vegferð.

En ef við teljum okkur hafa fengið óvægna gagnrýni þá kemst hún ekki í hálfkvisti við þá gagnrýni sem bankamennirnir hafa fengið - og sú gagnrýni virðist linnulaus og berst úr öllum áttum. Staða bankanna er sannarlega erfið en það er ekki að þeirra ósk að mörg fyrirtæki eru nú komin í þeirra eigu og þúsundir fyrirtækja bíða eftir lausn sinna mála. Segja má að í þessu sambandi sitji bankarnir í súpunni sem þeir að sumu leyti elduðu sjálfir - en sú eldmennska átti í upphafi að skila allt annarri og mun girnilegri útkomu.

Það er einkum tvennt sem brennur á atvinnurekendum í sambandi við bankana. Í fyrsta lagi verður að tryggja að fyrirtæki sem eru í eigu bankanna nái ekki samkeppnisforskoti á önnur fyrirtæki með því að njóta betri kjara eftir yfirtöku en öðrum býðst. Fyrirtæki sem tekið er yfir verður að byggja verðlagningu hjá sér á þeim grunni að það borgi t.d. vexti sem aðrir borga, borgi af lánum, yfirdrætti en njóti engra vildarkjara innan bankanna sem samkeppnisaðilum þeirra sem enn eru út á markaðinum standa ekki til boða. Það er algjört lykilatriði að yfirteknum fyrirtækjum sé ekki með neinum hætti gert auðveldara að keppa við keppinautana en fyrir yfirtöku.

Í öðru lagi verða bankarnir að þola þá gagnrýni sem þeir verða fyrir - en verða þrátt fyrir gagnrýnina að halda áfram að taka ákvarðanir. Bankarnir verða að átta sig á því að flestar ákvarðanir sem þeir taka verða gagnrýndar - sama hver ákvörðunin verður. Staðan er einfaldlega sú að skoðanir á málefnum einstakra fyrirtækja eru svo skiptar að það verða alltaf einhverjir til að gangrýna bankana - fyrir nú utan að oft er ekki til nein ein rétt ákvörðun. Bankarnir verða eingöngu að vera samkvæmir sjálfum sér og hafa ferlið eins gegnsætt og kostur er - en fyrir alla muni verða þeir að halda áfram að taka ákvarðanir. Við hvetjum bankana og styðjum þá til að vinna sig af krafti í gegnum þá miklu endurskipulagningu sem framundan er - detta ekki í þann farveg að óttast gagnrýni og verða ákvarðanafælninni að bráð. Það væri það alversta í stöðunni. Það er miklu betra að bankarnir taki 100 ákvarðanir og geri fáein mistök en að taka alls engar ákvarðanir. Því þannig komumst við sem samfélag seint áfram.

Kæru félagar - ég get ekki endað mál mitt án þess að minnst sérstaklega á einkarekna heilbrigðisþjónustu - sem að miklu leyti er innan okkar raða. Þetta er að stærstum hluta sú heilbrigðisþjónusta sem rekin er utan stóru spítalanna - heilbrigðisþjónusta sem við flest sækjum oft á ári enda fær einkarekin heilbrigðisþjónusta um 480.000 komur á hverju ári og þar eru framkvæmdar um 16.000 skurðaðgerðir. Í dag er þessi hluti um 4% af heilbrigðisútgjöldum hins opinbera og er t.d. mun lægri en í þeim löndum sem við berum okkur helst saman við. Í Noregi er þessi hlutur 18%, í Svíþjóð 20% og í Danmörku 25% Um þessar mundir er verulega vegið að þessum þætti í heilbrigðisþjónustunni og eru gerðar miklu meiri kröfur um niðurskurð hjá þessum einkareknu aðilum en inni á opinberu stofnunum. Er reiknað með að niðurskurðarkrafan sé rúm 30% hjá einkageiranum á meðan hann er um 5-7% hjá hinu opinbera.

Þetta væri kannski í lagi ef þetta væri skynsamleg leið - en staðreyndir tala allt öðru máli. Einkareknu stofnarnar eru að sinna sínum hluta heilbrigðiskerfisins á mun ódýrari hátt en gert er inni á spítölunum og það á að skipta okkur skattgreiðendur máli. Í úttekt sem OECD gerði hér á landi fyrir 2 árum var niðurstaðan sú að íslenskt heilbrigðiskerfi væri mjög gott - en of dýrt. Mat stofnunin það svo, að veita mætti á móta þjónustu þó að kostnaðurinn væri skorinn niður um allt að 40% Og munar um minna!

Hins vegar stýrir nú heilbrigðisráðuneytinu ráðherra sem lýsti því nýlega yfir á Alþingi að hann væri á móti einkarekinni heilbrigðisþjónustu - en virðist með þeim orðum vera að misskilja út á hvað einkarekin heilbrigðisþjónusta gengur. Með einkarekinni heilbrigðisþjónustu er ekki stefnt að stéttarskiptri heilbrigðisþjónustu eins og við t.d. þekkjum frá Bankaríkjunum - þar sem efnameiri einstaklingar geta keypt sér betri heilsu en þeir efnaminni. Því þrátt fyrir ólíkar stjórnámálaskoðanir munum við Íslendingar seint sætta okkur við annað en að allir hafi jafnan aðgang að heilbrigðisþjónustu og menntakerfi óháð efnahag.

Einkarekin heilbrigðisþjónusta gengur einfaldlega út á það að hið opinbera kaupi heilbrigðisþjónustuna af þeim aðilum sem geta gert hana á hagkvæmasta og ódýrasta háttinn. Ef ódýrara er að framkvæma t.d. ýmsar speglanir eða skurðaðgerðir á einkareknu stofum í staðinn fyrir að gera það inn á dýru hátækisjúkrahúsi eiga þessar aðgerðir að fara fram á einkareknu stofunum. Að segjast vera á móti einkarekinni heilbrigðisþjónustu eða öðrum einkarekstri er misskilin hugmyndafræði. En sýnir kannski ekki síður mikla vanvirðingu fyrir því skattfé sem ráðherra er falið.

Kæru félagar - ég vil fyrir hönd stjórnar SVP þakka það traust sem þið hafið veitt okkur og þann stuðning sem þið hafið sýnt starfi okkar s.l. ár. Í dag erum við að hefja nýjung í starfi SVP í samvinnu við VR sem við köllum "viku verslunar og þjónustu" og vonandi mun þessi tilraun þróast og þroskast á komandi árum - því það er mikilvægt að eins öflug atvinnugrein eins og verslun og þjónusta fái mun meira vægi í umræðu samfélagsins. Lokaorð mín hér í dag verða í anda slagorðs átaksins og segi ég einfaldlega - "takk fyrir samspilið" og förum héðan út í dag með þá einbeittu stefnu að "spila betur saman" - en gerum það með bros á vör - og bjartsýni í hjarta.